

13. gr.

Með samþykkt þessari er numin úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Vestur-Barðastrandarsýslu, nr. 75 29. ágúst 1931 með breytingu nr. 34 2. marz 1943.

14. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Barðastrandarsýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. maí 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð í Strandasýslu.

1. gr.

Í Strandasýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega, samkvæmt 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvega-áætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 71/1963.

2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

Árneshreppur:

1. Kambsvegur, af Strandavegi í Veiðileysufirði um Veiðileysu að Kambi.
2. Drangavegur, af Reykjarfjarðarvegi hjá Ófeigsstögum að Dröngum.
3. Munaðarnesvegur af Norðurfjarðarvegi að Munaðarnesi.
4. Krossnesvegur, af Norðurfjarðarvegi um Krossnes að Felli.
5. Flugvallarvegur, af Strandavegi að flugvelli á Gjögurmelum.
6. Stóruávíkurvegur af Strandavegi að Stóruávík.
7. Litluávíkurvegur af Strandavegi að Litluávík.

Kaldrananeshreppur:

1. Sandnesvegur, af Drangsnesevi að Sandnesi.
2. Sunnudalsvegur, af Reykjarfjarðarvegi við Skarð að Sunnudal.
3. Kleifavegur, af Reykjarfjarðarvegi að Kleifum.
4. Svanshólsvegur, af Reykjarfjarðarvegi að Svanshóli.
5. Bjarnarnesvegur af Drangsnesevi á Bjarnarnesmýrum að Bjarnarnesi.
6. Bakkagerðisvegur, af Drangsnesevi að Bakkagerði.
7. Asparvíkurvegur, af Strandavegi að Asparvík.
8. Goðdalsvegur, af Sunnudalsvegi að Goðdal.

Hrófbergshreppur:

1. Selárdalsvegur, af Strandavegi við Selárbrú um Geirmundarstaði að Gilsstöðum.
2. Hólavegur, af Staðarvegi að Hólum.
3. Fitjavegur, af Strandavegi hjá Hrófbergi að Fitjum.
4. Staðadalsvegur af Kollabúðavegi hjá Víðivöllum um Staðardal að Kleppustöðum.

Hólmavíkurhreppur:

1. Þiðriksvallavegur, af Þverárorkuversvegi að Þiðriksvöllum.
2. Kálfnanesvegur, af Strandavegi á Kálfnesskeiði að Kálfnesi.

Kirkjubólshreppur:

1. Miðdalsvegur, af Strandavegi við Miðdalsá um Klúku og Gestsstaði að Tindi.
2. Grafarvegur, af Strandavegi um Heiðarbæ að Miðdalsgröf.
3. Smáhamravegur, af Strandavegi á Smáhamrahálsi að Smáhömrum.
4. Arnkötludalsvegur, af Tröllatunguheiðavegi að Arnkötlustöðum.

Fellshreppur:

1. Ljúfustaðavegur, af Strandavegi hjá Litla-Fjarðarhorni að Ljúfustöðum.
2. Þrúðardalsvegur, af Strandavegi hjá brú á Þrúðarstaðaá að Þrúðarstöðum.

Óspakseyrarhreppur:

1. Snartartunguvegur, af Strandavegi við Tunguárbrú að Snartartungu.
2. Þórustaðavegur, af Strandavegi að Bitrufjarðarbotni að Þórustöðum.
3. Skriðnesennisvegur, af Strandavegi við Ennisbrú að Skriðnesenni.
4. Krossárdalsvegur, af Krossárdalsvegi (landsbraut) hjá Gröf og sýslumörkum. (Stranda- og Dalasýslu.)
5. Brunngilsvegur, af Þórustaðavegi að Brunngili.

Bæjarhreppur:

1. Borgarvegur, af Strandavegi að Borgum.
2. Laxárdalsvegur, af Strandavegi við Laxá í Laxárdal.
3. Sviðnuvegur, af Strandavegi hjá Bæ að Bakkaseli.
4. Hrafnadalsvegur, af Strandavegi utan Ljótunnarstaða að Hrafnadal.
5. Heydalsvegur í Víkurdal af Strandavegi hjá Skálholtsvík að Heydal.
6. Grænumýrartunguvegur af Norðurlandsvegi að Grænumýrartungu.
7. Kjörseyrarvegur, af Strandavegi að Kjörseyri.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár áður en gjaldið er lagt á. Ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. marz. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð samkvæmt 21. gr., niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu

reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 6 af þúsundi af virðingarverði mannvirkja, en 12 af þúsundi af virðingarverði landa og lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar að ákveða, að eyjar, sem eru sjálfstæð hreppsfélög, greiði ekki framlag til sýsluvegasjóðs, enda annist hreppsfélagið sjálft um vegakerfi sitt að öllu leyti.

8. gr.

Í kaптúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Gera skal sýsluvegaáætlun til fjögurra ára í senn og miða hana við sama tímabil og vegaáætlun fyrir þjóðvegi. Vegamálastjóri semur frumdrög að slíkri áætlun í samráði við sýslunefnd og skal hún tekin fyrir og afgreidd á sýslufundi til samþykktar. Öðlast áætlun þessi gildi, er samgöngumálaráðherra hefur staðfest hana. Sýsluvegaáætlun skal endurskoða, er hún hefur gilt í tvö ár.

10. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi árs, svo og áætlun um gjöld sýsluvegasjóðs með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir skv. 9. og 10. gr., svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

11. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að 100 þús. kr., nema þyngri hegning liggir við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

13. gr.

Með samþykkt þessari er numin úr gildi samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Stranda-sýslu nr. 40 16. marz 1961.

14. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Strandasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt 19. gr. vegalaga nr. 71 30. desember 1963, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. maí 1965.

Ingólfur Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Nr. 112.

15. maí 1965.

SAMÞYKKT

um sýsluvegasjóð í Vestur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Í Vestur-Húnavatnssýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega skv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvegaáætlun, sbr. þó 52. gr. vegalaga nr. 71/1963.

2. gr.

Í tölu sýsluvega má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, nema götur í þorpum með færri en 300 íbúa.

Sýsluvegur skal aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

Sýsluvegir eru:

Staðarhreppur:

1. Óspaksstaðavegur, af Norðurlandsvegi að Óspaksstöðum.
2. Síkárvegur, af Norðurlandsvegi að Fosseli.
3. Hrútafjarðarhálsvegur, af Norðurlandsvegi á Vesturárdalsveg hjá Húki.
4. Eyjanesvegur, af Heggstaðanesvegi að Eyjanesi.
5. Tannstaðabakkavegur, af Heggstaðanesvegi að Tannstaðabakka.
6. Sæbergsvegur, af Reykjaskólavegi að Sæbergi.

Fremri-Torfustaðahreppur:

1. Skeggjastaðavegur, af Vesturárdalsvegi á Miðfjarðarveg hjá Torfustöðum.
2. Dalgeirsstaðavegur, af Skeggjastaðavegi (sýsluvegur) að Dalgeirsstöðum.
3. Núpsdalsvegur, af Miðfjarðarvegi hjá Efra-Núpi að Fosskoti.
4. Núpstunguvegur, af Miðfjarðarvegi að Núpsdalstungu.
5. Bjargastaðavegur, af Aðalbólsvegi (sýsluvegur) að Bjargstöðum.
6. Aðalbólsvegur, af Miðfjarðarvegi að Aðalbóli.
7. Skárastaðavegur, af Miðfjarðarvegi að Skárastöðum.
8. Barkastaðavegur, af Miðfjarðarvegi að Barkastöðum.
9. Uppsálavegur, af Miðfjarðarvegi að Uppsölum.
10. Litlahvammsvegur, af Miðfjarðarvegi að Litlahvammi.
11. Ytra-Bjargsvegur, af Miðfjarðarvegi að Ytra-Bjargi.
12. Finnmerkurvegur, af Fitjavegi að Finnmörk.

Ytri-Torfustaðahreppur:

1. Bálkastaðavegur, frá Heggstaðanesvegi að Bálkastöðum.
2. Heggstaðavegur, af Heggstaðanesvegi að Heggstöðum.
3. Svertingsstaðavegur, af Norðurlandsvegi að Efri-Svertingsstöðum.
4. Búrfellsvegur, af Miðfjarðarvegi að Búrfelli.